

1997 nr. 79 26. maí**Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

■ **2. gr.** Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

□ Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöru- borði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

■ **3. gr.** Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

■ **4. gr.** Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

■ **5. gr.** Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í þessari grein, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinnna staða:

1. Horn (grp. 1)	66°27'4 N – 22°24'3 V
2. Selsker (viti)	66°07'5 N – 21°30'0 V
3. Ásbúðarrif (grp. 2)	66°08'1 N – 20°11'0 V
4. [Siglunes (grp. 3)	66°11'9 N – 18°49'9 V] ¹⁾
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4)	66°10'3 N – 17°50'3 V
6. Mánáreyjar (Lágey) (grp. 5)	66°17'8 N – 17°06'8 V
7. Rauðinúpur (grp. 6)	66°30'7 N – 16°32'4 V
8. Rifstangi (grp. 7)	66°32'3 N – 16°11'8 V
9. Hraunhafnartangi (grp. 8)	66°32'2 N – 16°01'5 V
10. Langanes (grp. 9)	66°22'7 N – 14°31'9 V
11. Skálatáarsker	65°59'7 N – 14°36'4 V
12. Almenningsfles	65°33'1 N – 13°40'5 V
13. Glettinganes (grp. 10)	65°30'5 N – 13°36'3 V
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11)	65°10'0 N – 13°30'8 V
15. Gerpír (grp. 12)	65°04'7 N – 13°29'6 V
16. Hólmur (Seley) (grp. 13)	64°58'9 N – 13°30'6 V
17. Skróður (Þursi) (grp. 15)	64°54'1 N – 13°36'8 V
18. Papey (viti)	64°35'5 N – 14°10'5 V
19. Hvítningar (grp. 18)	64°23'9 N – 14°28'0 V
20. Stokksnes (grp. 19)	64°14'1 N – 14°58'4 V
21. Hrollaugseyjar (grp. 20)	64°01'7 N – 15°58'7 V
22. Ingólfshöfði (grp. 22)	63°47'8 N – 16°38'5 V
23. Hvalsíki (grp. 23)	63°44'1 N – 17°33'5 V
24. Meðallandssandur I (grp. 24)	63°32'4 N – 17°55'6 V
25. Meðallandssandur II (grp. 25)	63°30'6 N – 17°59'9 V
26. Mýrnatangi (grp. 26)	63°27'4 N – 18°11'8 V
27. Kötlutangi (grp. 27)	63°23'4 N – 18°42'8 V
28. Lundadrangur (grp. 28)	63°23'5 N – 19°07'5 V
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng)	63°32'3 N – 20°10'9 V
30. Knarrarós (viti)	63°49'4 N – 20°58'6 V
31. Hafnarnes	63°50'6 N – 21°23'5 V

32. Selvogur (viti)	63°49'3 N – 21°39'1 V
33. Krýsuvíkurborg (viti)	63°49'8 N – 22°04'2 V
34. Reykjanes (aukaviti)	63°48'0 N – 22°41'9 V
35. Önglabrjótssnef	63°49'0 N – 22°44'3 V
36. Stafnes (viti)	63°58'3 N – 22°45'5 V
37. 1. sjm. r/v V af Garðskaga- vita	64°04'9 N – 22°43'6 V
38. Malarrif (viti)	64°43'7 N – 23°48'2 V
39. Dritvíkurtangi	64°45'0 N – 23°55'3 V
40. Skálasnagi	64°51'3 N – 24°02'5 V
41. Öndverðarnes (viti)	64°53'1 N – 24°02'7 V
42. Skor (viti)	65°24'9 N – 23°57'2 V
43. Bjargtangar (grp. 33)	65°30'2 N – 24°32'1 V
44. Kópanes (grp. 34)	65°48'4 N – 24°06'0 V
45. Barði (grp. 35)	66°03'7 N – 23°47'4 V
46. Straumnes (grp. 36)	66°25'7 N – 23°08'4 V
47. Kögur (grp. 37)	66°28'3 N – 22°55'5 V
48. Horn (grp. 38)	66°27'9 N – 22°28'2 V

□ Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísa þeirra. Er skipum skipt niður í þrjá flokka miðað við stærðir þeirra og aflvísa þannig:

1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 2.500 eða hærri.

2. flokkur: Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með aflvísa lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með aflvísa 1.600 og hærri. Í þennan flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísium þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri aflvísa en 1.600. Enn fremur fiskiskip 26 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísium þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

□ Þar sem í lögum þessum er rætt um aflvísi skips er miðað við reiknaðan aflvísi þess. Sé skip búið skráfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: $HÖ \times \text{ÞS}$. Sé skip ekki búið skráfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: $0,60 \times HÖ \times \text{ÞS}$. $HÖ$ merkir hér skráð afl aðalvélar skipsins í hestöflum, ÞS merkir þvermál skráfu í metrum.

□ Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir aflvísa þeirra skipa sem stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og skal sú skrá lögð til grundvallar við ákvörðun veiðiheimilda samkvæmt þessari grein.

□ Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa er miðað við mestu lengd þeirra samkvæmt mælingum Siglingastofnunar Íslands.

□ Botnvarpa og flotvarpa samkvæmt þessari grein merkir fiskivörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpa sem notaðar eru til veiða á humri, rækju eða uppsjávarfiskum. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um gerð og útbúnað fiskivarpa og dragnótar.

□ Stundi tvö eða fleiri skip veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót skulu heimildir þeirra samkvæmt þessari grein miðast við samanlagða lengd þeirra og samanlagða aflvísa þeirra.

□ Hér á eftir eru tilgreind þau svæði og tímar þar sem einstökum flokkum fiskiskipa, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót:

A. Norðurland.

Allir flokkar:

A.1. Allt árið frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10), utan línu sem dregin er 12 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

A.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A.3. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'80 N – 18°40'60 V).

B. Austurland.

Allir flokkar:

B.1. Allt árið frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) að línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19), utan línu sem dregin er 12 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

B.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'80 N – 13°16'60 V).

Flokkar 2 og 3:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómíllur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).

C. Suðausturland.

Allir flokkar:

C.1. Allt árið frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 12 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

C.2. Tímabilið 1. maí – 31. desember frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Hvalnesi (64°24'10 N – 14°32'50 V), utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

C.3. Tímabilið 1. maí – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22), utan línu sem dregin er 9 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

C.4. Tímabilið 15. september – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22) og réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

Flokkar 2 og 3:

C.5. Allt árið utan línu sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu austur frá Hvítungum (vms. 19) að 18°00'00 V.

Á svæði milli línu sem dregin er réttvísandi [suður frá Stokksnesi (vms. 20)]¹⁾ og að 15°45'00 V er þó ekki heimilt að stunda veiðar innan 6 sjómílna frá landi tímabilið 1. maí – 30. september.

C.6. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28).

Flokkur 3:

C.7. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms. 19) að 18°00'00 V.

C.8. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður af Lundadrangi (vms. 28).

D. Suðurland.

Allir flokkar:

D.1. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt 63°08'00 N – 19°57'00 V og þaðan í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'60 N – 20°36'30 V).

D.2. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi [(63°40'7 N – 23°17'1 V)].¹⁾

D.3. Tímabilið 1. ágúst – 31. desember utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

Flokkar 2 og 3:

D.4. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

D.5. Tímabilið 16. maí – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suður úr Lundadrangi (vms. 28) að línu [réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34)].¹⁾

Flokkur 3:

D.6. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita.

...¹⁾

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Allir flokkar:

E.1. [Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N – 24°12'00 V].¹⁾

E.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. desember utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34) og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

Flokkar 2 og 3:

E.3. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms. 38).

F. Breiðafjörður.

Allir flokkar:

F.1. Allt árið utan línu sem dregin er frá punkti 64°43'70 N – 24°12'00 V í punkt 64°43'70 N – 24°26'00 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkar 2 og 3:

F.2. Tímabilið 1. júní – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkur 3:

F.3. Tímabilið 1. janúar – 31. maí utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan viðmiðunarlínu frá línu [réttvísandi vestur frá Malarrífi]¹⁾ (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

F.4. Tímabilið 1. september – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi,

norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrífi (vms. 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms. 41) og Skorarvita (vms. 42). Að norðan markast svæði þetta af 65°16'00 N.

G. Vestfirðir.

Allir flokkar:

[G.1.]¹⁾ Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómflur utan viðmiðunarlínu.

¹⁾ L. 127/1997, 1. gr.

■ **6. gr.** Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót¹⁾ nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar.

□ Sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun þess kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna getur ráðherra með reglugerð²⁾ ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Um skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa skal kveðið á í reglugerð og gilda ákvæði 1. mgr. um þau eftir því sem við á.

¹⁾ Rg. 687/1997, sbr. 620/2000 og 1/2001. ²⁾ Rg. 438/1999, sbr. 577/1999, 600/2000 og 770/2000; rg. 717/2000, rg. 718/2000, sbr. 669/2001.

■ **7. gr.** Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.

□ Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafli af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarfla milli einstakra skipa, sbr. 7. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, t.d. vegna óvissu um veiðipól viðkomandi stofns. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað tiltekna veiðar.

■ **8. gr.** Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma. Áður en ákvarðanir um slíka skiptingu veiðisvæða eru teknar skal leita álits samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að slík skipting veiðisvæða varði mestu hverju sinni.

□ Þá er ráðherra heimilt að banna notkun allra eða tiltekinnna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri geta valdið skemmdum á neðansjárstrengjum og vatnslögnum.

■ **9. gr.** Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð¹⁾ m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar. Ráðherra ákveður hvort reglugerðir um friðunarsvæði gildi um ákveðinn tíma eða séu ótímabundnar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari grein skal að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

□ Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinnna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

¹⁾ Rg. 262/1994 (um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði), sbr. 210/2000 og 274/2001. Rg. 494/1998 (um friðunarsvæði við Ísland), sbr. 608/1999, 770/1999 og 665/2000. Rg. 411/1999 (um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðurlandi), sbr. 10/2000, 494/2000, 79/2001 og 27/2002. Rg. 766/1999 (um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Víkuráli), Rg. 627/2000 (um verndun smáfisks við togveiðar norður af Vestfjörðum), Rg. 716/2000 (um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Breiddalsgrunni), Rg. 190/2001 (um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Snæfellsnesi), Rg. 409/2001 (um bann við línuveiðum á Fljótagrunni), Rg. 549/2001 (um bann við línuveiðum við Suðausturland), Rg. 719/2001 (um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju), Rg. 753/2001 (um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldexjarbanka), Rg. 787/2001 (um bann við humarveiðum við Surtsey), Rg. 10/2002 (um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Rífsbanka).

■ **10. gr.** Veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórn þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstoðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í erindisbréfum til eftirlitsmanna, sem útgefin eru af ráðuneytinu, skal nánar kveðið á um starfsskyldur veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum.

□ Verði veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, leiðangursstjórar skipa, sem eru á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skv. 3. mgr. skulu þeir þegar tilkynna það til Hafrannsóknastofnunarinnar eða þeirra aðila sem stofnunin tilnefnir í því skyni.

□ Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk varðandi nýtingu hlutaðeigandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðarnar séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

□ Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur Hafrannsóknastofnunin bannað tiltekna veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi. Jafnframt skal veiðieftirliti Fiskistofu og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynnt um skyndilokanir. Ráðherra skal setja nánari reglur¹⁾ um framkvæmd slíkra skyndilokana.

□ Sjávarútvegsráðuneytið skal, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, áður en skyndilokun fellur úr gildi, ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa ef ástæða er talin til frekari friðunar á viðkomandi svæði. Hafrannsóknastofnuninni er þó heimilt að grípa til skyndilokunar svæðis aftur í allt að sjö daga sé þess talin þörf þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef talið er að skyndilokun svæðisins aftur tryggi að ekki verði um að ræða frekari skaðlegar veiðar á því svæði. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið í framhaldi af lokun skv. 4. mgr. skal tilkynnt a.m.k. einum sólarhring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

□ Heimilt er ráðuneytinu að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem lokað hefur verið tímabundið skv. 4. mgr. Slíkt skal þó jafnan gert undir eftirliti Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Landhelgisgæslunnar og skal skipstjórnarmönnum skylt að fara að fyrir mælum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar.

¹⁾ Rg. 26/1998.

■ **11. gr.** Heimilt er að grípa til skyndilokana veiðisvæða skv. 10. gr. vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnu svæði. Skilyrði þess eru eftirfarandi:

1. Að upplýsingar berist frá a.m.k. þremur skipstjórum sem telji að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.

2. Upplýsingarnar séu studdar nýjum mælingum á aflasamsetningu hjá viðkomandi skipum, sbr. 1. tölul., enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati Hafrannsóknastofnunarinnar og fyrir liggja ákveðnar tillögur frá skipstjórunum um mörk þess svæðis sem lagt er til að lokað verði.

3. Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum skv. 10. gr.

□ Skyndilokanir samkvæmt þessari grein gilda í allt að viku. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um skyndilokanir þessar eftir því sem við á.

■ **12. gr.** Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Slíka tilraun skal gera með þeim hætti að hún telji veiðar skipsins óverulega og valdi útgerðinni ekki teljandi óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins.

■ **13. gr.** Ráðherra getur, að fengnu álitu Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslunnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um borð í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að Hafrannsóknastofnunin fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um borð í skipi samkvæmt þessari grein.

■ **14. gr.** Ráðherra setur reglur¹⁾ um framkvæmd laga þessara. Getur hann m.a. sett allar reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmarkað notkun þeirra. Þá getur ráð-

herra sett reglur um lágmarksstærðir sjávardýra sem heimilt er að veiða og leyfilegan veiðitíma.

¹⁾ Rg. 262/1977, sbr. 311/1977 (um lágmarksstærðir fisktegunda). Rg. 143/1979 (um veiðar á sandsfli). Rg. 6/1984 (um eftirlit með afla og úthaldi á fiskveiðum). Rg. 285/1985 (um loðnuveiðar). Rg. 373/1985 (um leyfisbindingu veiða). Rg. 113/1988, sbr. 539/1989 (um veitingu veiðileyfa). Rg. 128/1988, sbr. 4/1990 (um grásleppuveiðar). Rg. 376/1992 (um síldveiðar). Rg. 492/1993, sbr. 482/1994 (igulkeraveiðar). Rg. 198/1995 (um bann við rækjuveiðum á Skötufirði og innanverðu Ísaffarðardjúpi). Rg. 504/1995, sbr. 641/1995, 3/1996, 562/1996, 578/1996 og 101/1997 (um fríðunarsvæði við Ísland). Rg. 609/1995. Rg. 75/1996. Rg. 334/1997 (um dragnotaveiðar). Rg. 24/1998 (um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga). Rg. 64/1998, sbr. 664/2000 og 242/2001 (um þorskfisknet). Rg. 75/1998, sbr. 176/2000 (um hrognkelsaveiðar). Rg. 77/1998, sbr. 382/1998, 737/2000 og 29/2001 (um botn- og flotvörpur). Rg. 150/1998, sbr. 445/1999 (um mælingar á fiskilestum). Rg. 304/1999, sbr. 276/2000, 30/2001 og 191/2001 (um úthafs rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar). Rg. 552/2000 (um humarveiðar). Rg. 739/2000 (um gerð og útbúnað smárækjuskilju). Rg. 278/2001 (um gerð og útbúnað smáfiskiskilju).

■ **15. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 16.–17. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða . . . ¹⁾ fangelsi allt að sex árum.

□ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávaraflla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

¹⁾ L. 82/1998, 239. gr.

■ **16. gr.** Við brotum gegn 3.–5. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr. laga þessara.

□ Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmetu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmetum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

□ Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

■ **17. gr.** Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

■ **18. gr.** Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

■ **19. gr.** Heimilt er að leggja lögöld á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 16. gr.

□ Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

□ Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

□ Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

■ **20. gr.** Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri, eða hluti veiðarfæra, sem ekki eru í sam-

ræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

■ **21. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. . . .

ELDDRI ÚTGÁFA